

06. janúar, 2005, 4. árg.

Viðskipti Íslands og Kína: Kína lækkar tolla á grálúðu frá Íslandi

Kína mun lækka tolla á grálúðu (Greenland Halibut) úr 10% í 5% frá áramótum að ósk Íslands. Í orðsendingu frá kínverskum stjórnvöldum segir að þessi aðgerð sé til marks um mikilvægi viðskipta á milli Kína og Íslands og þau jákvæðu viðhorf sem Kínverjar hafa til frekari viðskipta og samvinnu við Ísland.

Jákvæð áhrif á markaðinn

Jón Magnús Kristjánsson hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segir að tollalækkunin kunni að hafa umtalsverð áhrif á þessi viðskipti. „Við seldum grálúðuafurðir til Kína fyrir tæpan hálfan milljarð á síðasta ári og lækkun tolla mun liðka fyrir þessum viðskiptum. Tollalækkunin gerir markaðinn meira spennandi, þar sem grálúðuafurðir verða enn samkeppnishæfari við aðrar sjávarafurðir, og áhrifin geta komið fram í hagkvæmara verði og meiri eftirspurn.“ Íslendingar flytja nær eingöngu grálúðuhausa og sporða til Kína. Enginn markaður er fyrir þessa vöru annars staðar og tollalækkunin hefur því enn meira gildi en ella.

Óskín kom frá Íslandi

Grétar Már Sigurðsson skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu og formaður Kínversk-íslenska verslunarsamráðsins segir að málið hafi verið tekið reglulega upp við kínversk stjórnvöld á vettvangi viðskiptasamráðs ríkjanna. „Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, nýtti síðan tækifærið í opinbera heimsókn til Kína í apríl á síðasta ári til að fylgja málinu eftir og ræða við Zhang Zhigang, aðstoðarviðskiptaráðherra Kína, um tækifæri til að auka viðskipti á milli ríkjanna. Innflutningur frá Kína er sexfalt meiri en útflutningur til Kína og því lagði ráðherra áherslu á að lækkaðir yrðu tollar á vörum sem eru mikilvægar fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki. Það er mjög ánægjulegt hve vel kínversk stjórnvöld hafa brugðist við þessari málaleitan.“

Frábær aðstaða fyrir kynningar íslenskra fyrirtækja:

Icelandair kynnir aukna þjónustu í sendiráði Íslands í Berlín

Þann 10. desember síðastliðinn stóð Icelandair í samvinnu við sendiráð Íslands í Berlín fyrir glæsilegri kynningu á hinni "nýju loftbrú" á milli Berlínar og Íslands í "Felleshus" - sameiginlegu húsi norrænu sendiráðanna. Sendiráð Íslands í Berlín hvetur íslensk fyrirtæki og stofnanir eindregið til að nýta sér þjónustu viðskiptafulltrúa í sendiráðinu og frábæra húsnæðisaðstöðu til funda og kynninga.

Stóraukin þjónusta Icelandair milli Þýskalands og Íslands

Á annað hundrað fulltrúar fjölmiðla og ferðaskrifstofa mættu á kynninguna, þar sem kynnt var stóraukin þjónusta Icelandair milli Berlínar og Íslands. Sérstök athygli var á því að Icelandair mun fljúga fjórum sinnum á viku á milli Berlínar og Íslands á næsta ári og býður nú eina bestu flugáætlun sem farþegar eiga vól á milli Berlínar og Bandaríkjanna auk þess sem áhersla var lögð á að kynna Ísland sem ferðamannaland.

Yfir sumarmánuðina flýgur Icelandair til þriggja áfangastaða í Þýskalandi: Frankfurt, Berlínar og München. Vegna vaxandi eftirspurnar verður framboð á flugi til Berlínar og München tvöfaldað á árinu 2005, auk þess sem ferðum verður fjölgað til Frankfurt, höfuðáfangastaðar Icelandair í Þýskalandi. Allt flug milli Þýskalands og Íslands tengist áframhaldandi flugi til áfangastaða Icelandair í Bandaríkjunum. Kynning Icelandair var þannig sett upp að Arthúr Björgvin Bollason, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Icelandair í Þýskalandi, flutti gestum stutta tölu um starfsemi Icelandair og Ísland sem spennandi ferðamannaland, Óskar Ásgeir Óskarsson, matreiðslumeistari, reiddi fram íslenskt villibráðarhlaðborð og hljómsveitin Mezzoforte, sem um langt skeið hefur notið mikilla vinsælda í Þýskalandi, sá um tónlistina.

Frh. bls. 2



06. janúar, 2005, 4. árg.

Frábær aðstaða í sendiráðinu

Ólafur Davíðsson, nýskipaður sendiherra Berlínar í Berlín, segir að sérstök áhersla verði lögð á aðstoð við íslensk fyrirtæki á árinu „Sendiráðið hvetur íslensk fyrirtæki og stofnanir til að nýta sér þjónustu viðskiptafulltrúans í sendiráðinu og frábæra aðstöðu í svokölluðu "Felleshusi" - sameiginlegu húsi norrænu sendiráðanna í Berlín. Um er að ræða ráðstefnu-, fyrirlestra-, og fundarsali auk veitingasölu, sem býður upp á ýmsa möguleika.“ Sendiráðið í Berlín efnir á hverju ári, í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir, til viðskipta- menningar- og bókmenntakynninga af ýmsum toga. Áhugasamir geta haft sambandi í síma (00 49 30) 50504000 / 4150 eða á netfang icemb.berlin@utn.stjr.is eða ruth.bobrich@utn.stjr.is

